

Móttekið frá stjórnvaldi

28. MAÍ 2020

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS



Umboðsmaður Alþingis
Tryggvi Gunnarsson
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 25. maí 2020
Tilv.: HRN19100124/04.11.25

Efni: Upplýsingar um stöðu á viðbrögðum við heimsóknarskýrslu.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til heimsóknarskýrslu Landspítala – OPCAT-eftirlit með stöðum þar sem frelsissviptir dvelja frá umboðsmanni alþingis, dags. 16. október 2019.


Ráðuneytið telur rétt að upplýsa umboðsmann um neðangreind verkefni:

-Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp 4. desember sl., til þess að vinna aðgerðaráætlun til úrbóta vegna ábendinga umboðsmanns Alþingis í tilefni af OPCAT eftirliti með geðsviði Landspítala. Ráðherrar heilbrigðismála, dómsmála og félagsmála hafa ákveðið að ráðuneyti þeirra vinni saman að rýni og áætlun til úrbóta. Hópnun var gert að skila ábendingum til heilbrigðisráðherra fyrir 23. mars sl., vegna mikilla anna vegna Covid-19 í heilbrigðisráðuneytinu og Stjórnarráðinu öllu hefur hópurinn ekki enn skilað inn ábendingum.

-Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp, 30. júlí sl., sem var fengið það hlutverk að meta hvort þörf væri á því að setja frekari leiðbeiningar um útfærslur á þvingunarúrræðum en felast í lögræðislögum, nr. 71/1997. Hópurinn skilaði tillögum um útfærslu á 28. gr. lögræðislaga til ráðherra 7. maí sl., sjá hálagt, en tillögurnar innihalda m.a. drög að reglugerð sem birt var í Samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 14. maí sl.

Eins og fyrr var nefnt þá hefur mikið álag verið í heilbrigðisráðuneyti vegna Covid-19 heimsfaraldurs. Ráðuneytið þakkar umboðsmanni þá biðlund sem sýnd hefur verið en stefnt er að því að senda umboðsmanni viðbrögð stjórnvalda sem allra fyrst.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Sigurður Kári Arnason


Guðlín Steinsdóttir

Fylgiskj.: Tillögur starfshóps um útfærslur á 28. gr. lögræðislaga.